



Reykjavík 14.02.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 14. febrúar 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Kirkjustétt 2-6

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn M fasteigna ehf., mótt. 20. júlí 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina 2-6 við Kirkjustétt. Í breytingunni felst að upphaflegum byggingarreit er skipt í þrjú hús sem geta orðið 1 - 3 hæðir. Hluti bygginga innan reitsins geta því orðið allt að 3 hæðir í stað 2 áður. Bætt er við heimild til að gera íbúðir á 2. - 3. hæð húsa 1 og 2. Einnig er skilmálum um bílastæði breytt og bætt við skilmálum um frágang lóðar, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf., dags. 20. júlí 2017, br 30. ágúst 2017 og skýringaruppdrátt dags. 10. nóvember 2017. Einnig er lagt fram samþykki eigenda, mótt. 20. júlí 2017. Tillagan var auglýst frá 5. desember 2017 til og með 19. janúar 2018. Engar athugasemdir bárust. Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 7. febrúar 2018.

Með vísan í bréf Skipulagsstofnunar dags. 7. febrúar 2018 er samþykkt að endurauglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Harri Ormarsson

Fylgiskjal: Bréf skipulagstofnunar

Reykjavíkurborg
Björn Axelsson
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík



Reykjavík 7. febrúar 2018
Tilvísun: 201801134 / 3.5

Efni: Breyting á deiliskipulagi Grafarholts svæði 1, norðurhluta. Kirkjustétt 2-6. Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg hefur með erindi dags. 30. janúar 2018, sent Skipulagsstofnun breytingu á deiliskipulagi Grafarholts svæðis 1, norðurhluta til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga vegna Kirkjustéttar 2-6. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. laganna og var breytingartillagan auglýst í Lögbirtingablaðinu og í dagblaði á landsvísu. Engar athugasemdir bárust.

Í auglýsingunum var tekið fram að unnt væri að kynna sér breytingartillöguna frá 5. desember 2017 til og með 19. janúar 2017 og að athugasemdum þurfi að skila inn eigi síðar en 19. desember 2017.

Deiliskipulag Grafarholts, svæði 1, norðurhluta var samþykkt 20. júlí 1999. Breytingar hafa síðan verið gerðar á því og var breyting á lóð Kirkjustéttar 2-6 (hverfismiðstöð), samþykkt 24. október 2001.

Í meginatriðum felst breytingin sem nú er gerð í því, að byggingarreitnum á lóðinni er skipt upp í þrjá hluta og gert ráð fyrir íbúðum á 2. og 3. hæð, allt að 36 íbúðum, en verslun og þjónusta verður á 1. hæðum húsanna.

Breytingin er sett fram á kortblaði dags. 20. júlí 2017, með greinargerð, skilmálum og grunnuppdráttum og sneiðingu í mkv. 1:2000. Skýringaruppdráttur fylgir, dags. 10. nóvember 2017, með þríðviðarmyndum.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda vegna þess að uppgefinn athugasemdafrestur í auglýsingum var einungis frá 5. til 19. desember 2017 og því tvær vikur en ekki sex, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 31. gr. skipulagslaga sbr. 1. mgr. 41. gr. laganna. Að mati stofnunarinnar þarf því að auglýsa breytingartillöguna að nýju.

Breytingardagsetningum þarf að bæta við á ný gögn.

Skipulagsstofnun minnir á að sveitarstjórn skal taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.



Inga Björk Dagfinnsdóttir